CONSUMERS ASSOCIATION OF ICELAND
ASSOCIATE MEMBER OF IC, BEUC and ICRT

NEYTENDASAMTÖKIN

SÍÐUMÚLA 13
108 REYKJAVÍK
SÍMI 545 1200
TELEFAX 545 1212
ns@ns.is
PÓSTHÓLF 8160
128 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. Þ 133/884
komudagur 12.2.2007

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 12. febrúar 2007

**Efni: Umsögn Neytendasamtakanna um frumvarp til laga um vátryggingasamninga, upplýsingaöflun vátryggingafélaga, 387. mál.**

Neytendasamtökin telja eðlilegt að vátryggingafélag meti það á grundvelli upplýsinga um væntanlegan vátryggingataka sjálfan hvort það vilji tryggja hann og þá fyrir hversu hátt iðgjald. Telja samtökin of langt gengið að heimila vátryggingafélögum að óska eftir upplýsingum um sjúkdóma í fjölskyldu vátryggingataka. Hafi vátryggingataki ekki upplýsingar um sjúkdóm í fjölskyldunni virðist það geta leitt til réttindamissis fyrir hann. Margar ástæður geta verið fyrir því að fólk ræði ekki sjúkdóma sína við aðra, þ.á.m. sína eigin fjölskyldu og er því ósanngjarnt að gera ráð fyrir að vátryggingataki sé í öllum tilvikum meðvitaður um sjúkdóma innan fjölskyldunnar.

Virðingarfyllst,
f.h. Neytendasamtakanna,

Jóhannes Gunnarsson, formaður